

Minnisblað

Til: Bæjarstjórnar
Frá: Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 24. janúar 2018
Mnr. 2017020028



ÍSAFJARÐARBÆR

Uppbyggingasamningar við íþróttafélög 2018

Fyrir fund bæjarstjórnar liggja drög að fjórum uppbyggingasamningum við íþróttafélög í Ísafjarðarbæ. Drögin voru tekin fyrir í íþrótt- og tómstundanefnd þann 17. janúar 2018 auk draga að fimmta samningnum. Nefndin bókaði eftirfarandi: „Nefndin leggur til við bæjarstjórn að drögin að fjórum samningum verði samþykkt með þeim tillögum að upphæðum sem HSV leggur til. Samningsdrögum að samningi við Hestamannafélagið Hendingu verði frestað til næsta fundar.“

Formgallar voru á drögum uppbyggingasamnings við Hendingu sem nú hafa verið lagaðir og verða drögin lögð fyrir næsta fund íþrótt- og tómstundanefndar. Varðandi samning Hendingar er vísað til 5. greinar í samkomulagi Ísafjarðarbæjar og Hendingar til að skapa í sameiningu aðstæður til iðkunnar hestaíþróttar í Engidal. Þar segir í 5. grein um framkvæmdir við útisvæði:

Í öðrum áfanga er uppbygging keppnisvallar og tilheyrandi aðstöðu á útisvæði. Miðað er við að uppbygging svæðisins verði á grunni uppbyggingarsamnings á milli Hendingar og Ísafjarðarbæjar – hugsanlega með aðkomu sameiginlegs einkahlutafélags um reiðskemmuna.

Hending verður með umsjón og framkvæmd á sinni hendi og leggur að auki til vinnuframlag. Ísafjarðarbær leggur til í verkefni það jarðefni sem nýta má úr nálægum námum í eigu sveitarfélagsins og þarf til að fullbúa vallarmannvirkin. Gerður verði uppbyggingarsamningur, á sama grunni og almennt gildir um uppbyggingarsamning við félög í HSV, sem tekur nánar til aðkomu aðila að þessum áfanga. Skal sá uppbyggingarsamningur frágenginn og undirritaður í síðasta lagi í febrúar 2018. Fjárhæð uppbyggingarsamninga um íþróttamannvirki takmarkast við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar hverju sinni.

Í fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir kr. 12.000.000 í uppbyggingasamninga við íþróttafélög. Þeir fjórir samningar sem liggja fyrir fundinum eru að heildarfjárhæð kr. 11.410.000. Tillaga að uppbyggingasamning við Hendingu hljóðar upp á kr. 2.500.000 og því ljóst að gera þarf viðauka verði öll þessi drög að samningum.

MH